



Vestfjarðastofa

Vestfirðir 2035

Fyrirsjáanlegar eru breytingar á samgöngum, tækni, fjarskiptum og atvinnulífi sem hafa munu mikil áhrif á þróun byggðar á Vestfjörðum. Sviðsmyndagreining skoðar hvaða drifkraftar í umhverfinu skipta mestu máli, hverjir eru háðir mestri óvissu og hvað gæti hugsanlega gerst ef þessir kraftar þróast í mismunandi áttir.

Markmið sviðsmynda er að efla skilning á hugsanlegri framtíðarþróun og helstu óvissuþáttum sem geta breytt umhverfi okkar. Sviðsmyndir nýtast til að búa svæðið undir framtíðina, hjálpa við mótun stefnu, skipulags og við markaðssetningu svæðisins, hvort sem er til búsetu eða ferðalaga.

Vinna við gerð sviðsmynda hentar vel til að stilla saman skoðunum ólíkra hópa og leggja grunn að sameiginlegri stefnumótun. Með því að skoða umhverfi dagsins í dag með gleraugum framtíðarinnar eigum við auðveldara með að koma auga á nýja möguleika og fá heildstæðari sýn til ákvarðanatöku.

Verkefnið er unnið fyrir Vestfjarðastofu af Framtíðarsetri Íslands, KPMG og Nýsköpunarmiðstöð Íslands og er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vestfjarða árið 2018. Stýrihópur verkefnisins er stjórn Vestfjarðastofu.

Gagnaöflun felst í 15-20 viðtölum við valda einstaklinga, opinni spurningakönnun sem um 300 manns hafa tekið þátt í og sviðsmyndaverkstæði sem haldið verður á Haustþingi 2018. Sviðsmyndaverkstæðið verður föstudaginn 5. október kl. 14-17 og laugardaginn 6. október kl. 10-12. Til sviðsmyndaverkstæðis er boðið öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum og fulltrúum um 50 fyrirtækja var boðið. Úrvinnsla gagna verður í höndum Framtíðarseturs Íslands, KPMG og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Verkefnið hófst haustið 2018 og áætluð verklok í desember 2018.